



Árgangur

8.bekkur.

Markmið

Sjá *Aðalnámsskrá grunnskóla: Erlend tungumál 2007.*

Inntak náms

Á þessu aldurstigi er vægi lestrar aukið. Unnið er með hlustun og tal og ritunarfærni eflid.

Helstu efnisþættir eru þessir:

Líkaminn: Líkamshlutar, útlit og ýmis sérkenni, hollar og óhollar lífsvenjur.

Fjölskyldan: Fjallað um fjölskylduna, vini og samskipti.

Heimilið: Helstu tegundir húsnæðis, húsgögn, húsbúnað og annað sem tilheyrir heimili. Framtíðarheimilið.

Ferming: Hefðir tengdar fermingu í Danmörku, fermingarveislur, Blá mandag.

Áhugamál: Íþróttir og tómstundir unglinga.

Dularfull fyrirbæri: Yfirnáttúruleg efni, svo sem drauga, geimverur og dularfull fyrirbæri.

Námsgögn

Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen. 2007. *Tænk.* Námsgagnastofnun Reykjavík.

Elisabet Valtýsdóttir o.fl. 1997. *Og det er Danmark!* Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Léttlestrarbækur: Valdar bækur eftir námsgetu.

Kvikmyndirnar: Sýndar eru valdar danskar kvikmyndir á hverri önn.

Kennsluskipan

Kennt verður 4 kennslustundir á viku allan veturinn.

Hlustun

Hlustunaræfingar geta verið upplestur á hljómbandi á textum úr kennslubókinni, framhald af textum sem nemendur hafa lesið, eða stakar æfingar sem tengjast því efni og orðaforða sem unnið hefur verið með. Hlustunaræfingarnar eru af margvíslegum toga og þjálfá mismunandi þætti. Auk hlustunaræfinga á hljómbandi eru margar æfinganna á myndbandi. Auk formlegra hlustunaræfinga þjálfast nemendur í skilningi á venjulegu töluðu máli sem varðar umgengni og skilaboð innan skólastofu með því að hlusta á kennarann.

Málnotkun

Samtalsæfingar eru unnar í kjölfar hlustunaræfinga eða lestexta sem innihalda þann orðaforða sem æfingunum er ætlað að þjálfá. Orðaforði er einkum þjálfaður í gegnum lestur. Einnig er lögð áhersla á að nemendur vinni með ákveðinn orðaforða úr hverjum efnisflokki og tileinki sér hann.

Lestur

Textarnir lengjast en innihalda sem fyrr afmarkað orðaforðasvið. Textarnir eru mismunandi að gerð og þjálfá leitarlestur, nákvæmnislestur og hraðlestur. Nemendur lesa a.m.k. eina smásögu.

Ritun

Ritunarverkefni nemenda eru enn frekar einföld. Dæmi um verkefni eru stutt sendibréf, dagbókarfærslur, skilaboð, ritunaræfingar út frá myndum og bók um ferminguna. Urvinnsla verkefnanna getur verið t.d. veggspjald eða bæklingur.

Námsmat

Árangur er metinn bæði með símati á verkefnum, sem unnin eru á kennslutímanum og prófum í lok hvers þema.

Námsmat er tvíþætt: Prófseinkunn og vinnueinkunn.

Prófseinkunn er vegið meðaltal einkunna frá hausti. Við lok haustannar er reiknað meðaltal prófa sem þá hafa verið tekin. Við lok miðannar er reiknað meðaltal allra prófa frá hausti og meðaltal þeirra færð sem prófseinkunn. Að vori lagt fyrir próf úr öllu námsefni vetrarins og gildir það próf 50% á móti öllum öðrum prófum sem tekin hafa verið frá hausti.

Vinnueinkunn er safneinkunn líkt og prófseinkunn.

Vinnueinkunn er skipt í fjóra þætti: Kaflapróf 30%, ástundun 20%, verkefni 50%.

Vinnueinkunn í lok haustannar er meðaltal þeirra þátta sem þá hafa verið teknir til mats. Við lok miðannar er samskonar mat og breytist það eitt að matsþáttum hefur fjölgað frá haustönn. Vinnueinkunn að vori er með sama hætti og á miðönn afrakstur vinnu nemandans frá hausti.

Árgangur

9.bekkur.

Markmið Sjá *Aðalnámsskrá grunnskóla: Erlend tungumál 2007*.

Inntak náms

Lögð er áhersla á lestur, að nemendur lesi sem mest og beiti fjölbreyttum lestraraðferðum. Unnið er áfram með hlustun og tal og ritunarverkefnin lengjast smátt og smátt. Helstu efnisþættir eru þessir:

Skólinn, líkaminn, líðan, fatnaður, tíska, verslanir, afbrot og glæpir, íþróttir, líkamsrækt og hreyfing. Áhugamál, afþreying, flökkusögur og norðurlöndin.

Námsgögn

Elísabet Valtýsdóttir o.fl.. 1994. *Hvad siger du? A og B*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Michael Dal og Þórunn Erna Jessen. 1994. *På udebane*. Iðnú, Reykjavík
Hraðlestrarbækur:

Scheuer, Carsten. 1993 *Løgn Løgn Løgn*. Kaleidoscope, København.

Himmelstrup, Kaj. 1996. *Min mund er lukket!* Kaleidoscope, København.

Ásdís Lovísa Grétarsdóttir, Erna Jessen. 2008. *Dejlige Danmark*.

Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Annað námsefni:

Elísabet Valtýrsdóttir, Erna Jessen og Hlín H. Pálsdóttir. 1998. *Og det er Danmark, Hlustunarefni*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Greinar úr tímaritum, dagblöðum og upplýsingar af netinu.

Málfræðiæfingar.

Kvikmyndirnar: Sýndar eru valdar danskar kvikmyndir á hverri önn.

Kennsluskipan

Kennt verður 4 kennslustundir á viku allan veturinn.

Hlustun

Hlustunaræfingar eru unnar í tengslum við lestexta, samtalsæfingar og ritunarverkefni. Hlustunaræfingarnar eru af margvíslegum toga og þjálfá mismunandi þætti. Auk hlustunaræfinga á hljómbandi eru margar æfinganna á myndbandi. Auk formlegra hlustunaræfinga þjálfast nemendur í skilningi á venjulegu töluðu máli sem varðar umgengni og skilaboð innan skólastofu með því að hlusta á kennarann.

Málnotkun

Samtalsæfingar eru unnar í kjölfar hlustunaræfinga eða lestexta sem innihalda þann orðaforða sem æfingunum er ætlað að þjálfá. Orðaforði er einkum þjálfaður í gegnum lestur og málfræðiæfingar. Þó er enn lögð áhersla á að nemendur vinni með ákveðinn orðaforða úr hverjum efnisflokki og tileinki sér hann. Einnig þurfa nemendur að geta kynnt verkefni sín á tungumálinu og talað út frá stikkorðum.

Lestur

Lögð er áhersla á lestur og nemendum gert að lesa eins mikið og þeir geta. Textarnir eru misjafnlega langir en innihalda sem fyrr afmarkað orðaforðasvið. Með lestrinum er leitast við að þjálfá fjórar lestraraðferðir. Þær eru: Leitarlestur, nákvæmislestur, yfirlitslestur eða hraðlestur. Nemendur hraðlesa a.m.k. tvær léttlestrarbækur á þessu aldurstigi auk smásagna.

Ritun

Auknar kröfur eru gerðar til ritunarverkefna nemenda. Verkefni eru alltaf unnin í samræmi við lestexta, samtals- eða hlustunaræfingar og byggja á orðaforða sem þar hefur verið þjálfaður. Nemendur þjálfast í að skrifa einfaldar textagerðir, t.d. sendibréf, tölvupóst og skilaboð en einnig að skrifa lengri samfellda texta sem tengjast t.d. daglegu lífi (u.þ.b. 60-120 orð). Nemendur vinna með einfalda útgáfu af ferlisritun og eiga að hafa vald á að nota tölvur til ritvinnslu.

Námsmat

Árangur er metinn bæði með símati á verkefnum, sem unnin eru á kennslutímanum og prófum í lok hvers þema.

Námsmat er tvíþætt: Prófseinkunn og vinnueinkunn.

Prófseinkunn er vegið meðaltal einkunna frá hausti. Við lok haustannar er reiknað meðaltal prófa sem þá hafa verið tekin. Við lok miðannar er reiknað meðaltal allra prófa frá hausti og meðaltal þeirra færð sem prófseinkunn. Að vori lagt fyrir próf úr öllu námsefni vetrarins og gildir það próf 50% á móti öllum öðrum prófum sem tekin hafa verið frá hausti.

Vinnueinkunn er safneinkunn líkt og prófseinkunn.

Vinnueinkunn er skipt í fjóra þætti: Próf 30%, ástundun 20%, verkefni 50%.

Vinnueinkunn í lok haustannar er meðaltal þeirra þátta sem þá hafa verið teknir til mats. Við lok miðannar er samskonar mat og breytist það eitt að matsþáttum hefur fjölgað frá haustönn. Vinnueinkunn að vori er með sama hætti og á miðönn afrakstur vinnu nemandans frá hausti.

Árgangur

10. bekkur.

Markmið Sjá *Aðalnámsskrá grunnskóla: Erlend tungumál 2007*.

Inntak náms

Unnið er jafnhliða með hina fjóra færniþætti tungumálsins þ.e. hlustun, samtalsæfingar, lestur og ritun. Áfram er lögð áhersla á að nemendur beiti fjölbreyttum lestraraðferðum.

Helstu efnisþættir eru þessir:

Skólinn, íþróttir, matur, lífstíll, samskipti, glæpir og framtíðardraumar.

Skólalok Orðaforði tengdur skóla, starfsheiti og framtíðaráform.

Námsgögn

Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen. 2009.

Ekko. Námsgagnastofnun, Reykjavík..

Annelise Kárason o.fl. 1991. *Kort og godt*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Frjálslestrarbækur

Greinar úr tímaritum, dagblöðum og upplýsingar af netinu.

Valin verkefni úr ýmsum áttum.

Málfræðiæfingar.

Kvikmyndir: Sýndar eru valdar danskar kvikmyndir á hverri önn.

Kennsluskipan

Kennt verður 4 kennslustundir á viku allan veturinn

Hlustun

Hlustunaræfingar eru unnar í tengslum við lestexta, samtalsæfingar og ritunarverkefni. Hlustunaræfingarnar eru af margvíslegum toga og þjálfá mismunandi þætti. Auk formlegra hlustunaræfinga þjálfast nemendur í skilningi á venjulegu töluðu máli sem varðar umgengni og skilaboð innan skólastofu með því að hlusta á kennarann.

Málnotkun

Samtalsæfingar eru unnar í kjölfar hlustunaræfinga eða lestexta. Sá orðaforði sem nemendur þurfa á að halda í samtalsæfingum hefur verið lagður inn áður og þjálfaður með lestextum og hlustunaræfingum. Lögð er áhersla á að nemendur geti hafið og endað samtal og haldið uppi samræðum um ákveðin efni. Í lok hverrar annar er m.a. lögð fyrir munnleg próf.

Lestur

Áhersla er á lestur og nemendum gert að lesa töluvert mikið. Textarnir eru misjafnlega langir en innihalda sem fyrr afmarkaðan orðaforða. Með lestrinum er leitast við að þjálfar fjórar lestraraðferðir. Þær eru leitarlestur, nákvæmislestur, yfirlitslestur eða hraðlestur Nemendur hraðlesa smásögur og frjálslestrarbækur.

Ritun

Gerðar er auknar kröfur til ritunarverkefna nemenda. Verkefnin eru alltaf unnin í samræmi við lestexta, samtals- eða hlustunaræfingar og byggja á orðaforða sem þar hefur verið þjálfaður. Nemendur þjálfast í að skrifa einfaldar textagerðir, t.d. sendibréf, tölvupóst og skilaboð en einnig að skrifa lengri samfellda texta sem tengjast daglegu lífi (u.þ.b. 150-200 orð). Í þemaverkefnum þjálfast nemendur í að tjá sig um nokkuð sérhæft efni. Nemendur vinna með ferlisritun og eiga að hafa vald á að nota tölvur til ritvinnslu.

Námsmat

Árangur er metinn bæði með símati á verkefnum, sem unnin eru á kennslutímanum og prófum í lok hvers þema.

Námsmat er tvíþætt: Prófseinkunn og vinnueinkunn.

Prófseinkunn er vegið meðaltal einkunna frá hausti. Við lok haustannar er reiknað meðaltal prófa sem þá hafa verið tekin. Við lok miðannar er reiknað meðaltal allra prófa frá hausti og meðaltal þeirra færð sem prófseinkunn. Að vori lagt fyrir próf úr öllu námsefni vetrarins og gildir það próf 50% á móti öllum öðrum prófum sem tekin hafa verið frá hausti.

Vinnueinkunn er safneinkunn líkt og prófseinkunn.

Vinnueinkunn er skipt í fjóra þætti: Próf 30%, ástundun 20%, verkefni 50%.

Vinnueinkunn í lok haustannar er meðaltal þeirra þátta sem þá hafa verið teknir til mats. Við lok miðannar er samskonar mat og breytist það eitt að matsþáttum hefur fjölgað frá haustönn. Vinnueinkunn að vori er með sama hætti og á miðönn afrakstur vinnu nemandans frá hausti.